
Hverfisráðin

12. júní 2017

capacent



Reykjavíkurborg



Markmið með vinnu ráðgjafa

- *Að kortleggja þær hugmyndir og það efni sem til staðar er um hverfisráðin, skipan, hlutverk og valdsvið þeirra og móta á þeim grunni sviðsmynd til útfærslu á vinnustofu.*
- *Að undirbúa og stýra vinnustofu, vinna sameiginlegt stöðumat og kalla fram þau verkefni sem vinna þarf að til þess að raungera þá sviðsmynd sem þátttakendur eru sammála um að lýsi æskilegri framtíðarstöðu hverfisráða hjá Reykjavíkurborg.*

Hvað svo?

Ráðgjafar taka saman niðurstöður vinnustofunnar í formi minnisblaðs sem unnt verður að nýta til þess að undirbúa tillögur um hlutverk og valdsvið hverfisráða, aðferðir við skipun þeirra og æskilegan fjölda hverfisráða.

Fundargerðin

- *Stöðumat*
- *Sviðsmynd*
 - ✓ *Sammála*
 - ✓ *Ósammála*
- *Hvað vantaði?*
- *Þjónusta í tilviki aukinnar hverfisvæðingar*
- *Nærþjónusta efld í hverfum*
- *Hindranir*

**Samantekt ráðgjafa
til umræðu og
útfærslu**

Á vinnustofu hverfisráða má greina þá meginlínu að til staðar sé áhugi fyrir því að auka umboð hverfisráða og efla hlutverk þeirra í stefnumótun og þjónustu.

Markmið með slíkum breytingum yrði að styrkja og efla þjónustu við íbúa og vinna í auknum mæli með sérstöðu og séreinkenni ólíkra hverfa.

**Samantekt ráðgjafa
til umræðu og
útfærslu**

A: Hlutverk, verkefni og umboð hverfisráða

Lagt er til að hafin verði vinna við að þróa og útfæra verkefni og aukið umboð hverfisráða í starfsemi Reykjavíkurborgar með þeim hætti að unnið verði að þeim úrbótum sem innri endurskoðun og vinnustofa hverfisráða leiddu fram.

Helstu þættir í útfærslu:

- *Kannað verði til hlítar hvort að sú leið að í hverfisráðum sitji a.m.k. þrír borgarfulltrúar, tveir íbúar auk formanns sem yrði skipaður án tilnefningar af borgarstjóra sé til þess fallin að styrkja stöðu hverfisráða og umboð þeirra til athafna.*
- *Vinna að gerð nýrrar samþykktar fyrir hverfisráð sem fjallar um stöðu hverfisráða í stjórnskipulagi Reykjavíkur, lýsi verkefnum þeirra og fjalli um valdsvið þeirra.*
- *Komið verði á formlegum vettvangi formanna hverfisráða og borgarráðs sem hittist a.m.k. tvisvar á ári og vinni sameiginlega að því að styrkja samspil hverfisráða og borgarráðs.*

Samantekt ráðgjafa til umræðu og útfærslu

B: Framtíðarsýn og markmið

Lagt er til að mótuð verði framtíðarsýn fyrir hverfisráðin til ársins 2021 sem styðji þau við að ná þeim markmiðum sem að er stefnt og lýsi breyttu hlutverki og verkefnum hverfisráða og formlegri stöðu þeirra í stjórnskipulagi Reykjavíkurborgar og samspili þeirra við fagsvið og miðlæga stjórnsýslu.

Helstu þættir í útfærslu:

- Greina nánar og lýsa ætluðum ávinningi af breytingum og vinna þannig að rökstuðningi þeirra.
- Skoða breytingarnar heildstætt, kortleggja ávinninginn og áhrif á gæði þjónustu, kostnað og skilvirkni.
- Koma á samráði milli borgarstjórnar og stjórnsýslu borgarinnar og tengja sem flesta aðila inn í breytingaferlið, verja nægum tíma í kynningu og umræðu um tækifæri og jákvæðar afleiðingar af breytingunum faglegar ekki síður en fjárhagslegar og hvernig megi lágmarka neikvæð áhrif af þeim.
- Halda ferlinu opnu fyrir tillögum um breytingar þ.m.t. endurskoðun á uppleggi leiði greining í ljós að það sé rétt.